



Kennsluáætlun 2024-2025

Bekkur: 9. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Árni Davíð Haraldsson, Bergþóra Þórarinsdóttir og Hulda Kristín Baldursdóttir

Markmið:

- Að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkefni í fjölbreyttum tilgangi.
- Að nemendur nái færni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar.
- Að nemendur öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra.
- Að nemendur geti tjáð sig með stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, rökrætt um lausnaleyðir og sannreynt lausnir sínar og annarra.
- Lögð er áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Tökum m.a. eftirfarandi efni fyrir: Algebra og jöfnur, rúmfræði, tölur og talnafræði, reikningur og algebra, pýþagóras, horn, prósentur, tölfræði og persónuleg fjármál.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennslan byggir m.a. á innlögn kennara, upprifjun, einstaklings-, para- og hópavinnu.

Námsmat:

Ástundun, virkni í tímum og kaflapróf. Lögð verða fyrir verkleg og skrifleg verkefni.

Námsgögn:

- Átta-tíu 2, - <https://rafhladan.is/handle/10802/13372>
- Átta-tíu 3, - <https://rafhladan.is/handle/10802/13373>
- Átta-tíu 4, - <https://rafhladan.is/handle/10802/14823>
- Almenn stærðfræði I,
- Almenn stærðfræði II,
- Almenn stærðfræði III,
- Fyrstu skref í fjármálum,
- Töflureiknir,
- Vefefni,
- Annað ítarefni.